

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. mars 2019

Tilvísun: 2019020228NA/–

### **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 495. mál.**

Persónuvernd vísar til tölvupósts velferðarnefndar frá 6. febrúar 2019 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (þskj. 811, 495. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019).

Með frumvarpinu er ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar á ákvæðum laga sem falla undir málefna svið félags- og jafnréttismálaráðherra til þess að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt viðkomandi lögum samræmist ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Um er að ræða breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, nr. 9/2014, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003.


Velferðarnefnd sendi Persónuvernd drög að frumvarpinu til umsagnar hinn 27. september 2018 og var hún veitt með bréfi, dags. 19. október s.á. (mál nr. 2018/468 hjá stofnuninni). Komið hefur verið til móts við flestar þær athugasemdir sem Persónuvernd gerði í þeirri umsögn, einkum varðandi fræðsluskyldu til hins skráða við upplýsingaöflun viðkomandi stofnana. Þannig er gert að skilyrði í viðeigandi ákvæðum frumvarpsins að hinn skráði staðfesti að hann hafi verið upplýstur um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga, svo sem með því að undirrita yfirlýsingu

Þess efnis, áður en vinnslan fer fram. Þó áréttar Persónuvernd athugasemdir í umsögn við 17. gr. frumvarpsdraganna með tillögu að viðbót við 7. gr. laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003 (15. gr. frumvarps), sem helst óbreytt þrátt fyrir tillögur stofnunarinnar. Nánari tiltekið segir í umsögninni um frumvarpsdrögin:

„Persónuvernd leggst gegn tillögu að viðbót við 7. gr. laga nr. 83/2003 um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þar sem mælt verði fyrir um heimild stofnunarinnar til að miðla upplýsingum, m.a. um niðurstöður greininga, til allra þeirra sem veita hinum skráða lögbundna þjónustu. Vissulega kann slík upplýsingamiðlun í einhverjum tilfellum að teljast eðlileg, einkum þegar um ræðir aðila sem koma náðið að þjónustu við fatlaða eða langveika. Jafnvel í þeim tilfellum teldist þó til vandaðra vinnubragða að afla beiðni eða umboðs frá hinum skráða. Ekki fæst séð að umrædd heimild til miðlunar upplýsinga til „annarra þjónustustofnana þar sem einstaklingur sækir sér lögbundna þjónustu“, standist þær kröfur sem gera verður til slíkrar lagasetningar, m.a. að teknu tilliti til meginreglna um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Þá er mikilvægt að fram fari vandað mat á hvaða tilteknu aðilar ættu að geta fengið umræddar upplýsingar í hendur, sem og hvaða upplýsingum ætti að mega miðla.“

Persónuvernd gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,

  
Þóroddur Sveinsson

  
Inga Amal Hasan